

EFTIRLITSSKÝRSLA

Kratus Hvalfjörður



Dags eftirlits	7.11.2013	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Kratus	Fulltrúi UST	Sigríður Kristjánsdóttir
Heimili	Klafastaðavegi 4	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	4307002270	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Arthur Garðar Guðmundsson	ÍSAT nr.	3832
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón Jónsson	Staðsetning	64,355088 -21,788370

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Undanþága umhverfis og auðlindaráðuneytisins frá starfsleyfi fyrir starfsemi Kratusar rann út 1.nóvember sl. og því var engin framleiðsla í gangi þegar eftirlitið fór fram.

Í eftirlitinu komu fram 6 frávik frá undanþágu frá starfsleyfi og ein athugasemd gerð við frágang verksmiðjulóðarinnar.

UMFANG EFTIRLITS

Byrjað var á að fara yfir gagnaskil og skráningar.

Öryggisblöð um algjall hanga upp á vegg í kaffistofu en unnið er að öryggisblaði fyrir fínryk sem sigtað er frá algjallinu áður en það er sett í ofninn.

Viðbragðsáætlun vegna hugsanlegrar bráðamengunar sjávar og andrúmslofts og hvenær tilkynna skuli um mengunaráhöpp lá ekki fyrir þegar eftirlitið fór fram.

UST hefur borist staðfesting á ábyrgðartryggingu sbr. grein 4.6 í tillögu að starfsleyfi.

Rætt var um umhverfismarkmið en í eftirlitinu kom fram að þau væru í skoðun en hefðu ekki verið innleidd.

Í síðasta reglubundna eftirliti var gerð athugasemd við að grænu bókhaldi og útstreymisbókhaldi hafi ekki verið skilað fyrir rekstrarárið 2012 og bærust þau stofnuninni í kjölfarið, þann 30.september sl.

Rætt var um vöktunarkerfi og vöktunaráætlun. Vöktunarkerfi á að fjalla um innri vöktun m.a. um hráefni, úrgang og losun frá verksmiðjunni en vöktunaráætlun á að fjalla um ytri vöktun umhverfisins í kringum verksmiðjuna sem getur orðið fyrir áhrifum vegna starfseminnar. Útblástursmælingar eru fyrirhugaðar í nóvembermánuði, þ.m.t. mælingar á SO₂ í útblæstri. Í eftirlitinu voru afent drög að áætlun um útblástursmælingar ásamt greinagerð um díoxínsmælingar í jarðvegi frá því nú í haust. Vöktunarkerfi og vöktunaráætlun er í vinnslu hjá rekstraraðila. Rætt var um skilyrði í tillögu að starfsleyfi um að Kratus taki þátt í samstarfi um umhverfisvöktun á Grundartangasvæðinu í samræmi við losun fyrirtækisins.

Þá var farið yfir úrgangsmál og skráningar.

Helsti úrgangur sem kemur frá verksmiðjunni er saltkaka, fínryk og síuryk. Frávik frá síðasta eftirliti um meðhöndlun saltköku er í eftirfylgni. Rekstraraðili hefur nú óskað eftir leyfi Umhverfisstofnunar til að nýta geymsluhúsnæði í Vogartungu sem tímabundna geymslu fyrir saltkökuna þar til að tekist hefur að flytja hana út til endurvinnsluaðila. Farið var yfir þau skilyrði sem þarf að uppfylla svo samþykki UST fáiast á úrbótum fráviksins og verður málinu fylgt sérstaklega eftir í tengslum við eftirfylgni eftirlits frá 21.júní sl.

Umsókn um útflutningsleyfi fínryksins hefur ekki borist stofnuninni. Fínryk flokkast sem spilliefni nema að fyrir liggja rökstuðningur (efnagreiningar) sem gefur annað til kynna. Fínryk er ennþá í geymslu í Gjáhelli í Hafnafirði þar til endurvinnsluaðili finnst og útflutningur getur hafist.

Rekstraraðili er í samningaviðræðum við erlendan aðila um endurvinnslu á síuryki og er því nú safnað í stórsekkki sem geymdir eru á verksmiðjulóðinni.

Farið var yfir umgengni og frágang lóðar.

Ekki eru neinar girðingar eða lokanir að verksmiðjulóðinni og ekki hefur verið gengið frá malbikun lóðarinnar. Verið er að vinna að teikningum á malbikuðu plani og fyrirhugað að ráðist verði í framkvæmdir við lóðina á næsta ári.

Á lóðinni er ennþá töluvert magn af saltköku, síuryki og brotaáli. Áætlað er að búið sé að vinna um 25% af brotaáli sem er á verksmiðjulóðinni en ekki er tekið við nýju efni þar til að núverandi birgðir hafa klárast. Á lóðinni var einnig haugur af síum úr steypumótum frá álveri.

Ekki eru neinar olíuskiljur á svæðinu en frárennsli frá salernum í verksmiðjunni rennur í almenningsfráveitu.

Að lokum var rætt um frávik sem upp kom í fyrirvaralausum eftirliti þann 12.júlí sl. þar sem að unnið var með blautt algjall. Rætt var um skráningar á ástandi algjallsgáma og fyrirkomulag ástandsskoðanna. Mikilvægt er að vel sé staðið að skráningum til að fyrirbyggja að óhapp sem þetta endurtaki sig.

Farið var yfir sískráningar á hráefni og úrgangi úr hverri ofnkeyrslu (lotu). Fram kom að núverandi birgðir af saltköku á lóð sé um 1900 tonn.

Frávik frá

Grein 2.2 í tillögu að starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Á verksmiðjulóðinni voru síur úr steypurennum í álverum sem ekki eru

ætlaðar í álendurvinnslu. Rekstraraðili skal setja skýrar reglur um hvaða hráefni megi senda til vinnslu í verksmiðjunni.

- Grein 2.14 í tillögu að starfsleyfi Um 1900 tonn af saltköku eru enn á verksmiðjulóðinni. Gjallsand (saltköku) skal allan flytja af svæðinu til viðurkennds endurvinnsluaðila og geyma í vel lokuðu geymslurými t.d. gámum, á meðan beðið er eftir að efnið sé fjarlægt til endurvinnsluaðila. Unnið er að úrbótum og er málið í eftirfylgni frá síðasta eftirliti.
- Grein 2.15 í tillögu að starfsleyfi Útflutningur á síuryki til endurvinnsluaðila er ekki hafinn og því er því safnað fyrir á lóð verksmiðjunnar. Almennan framleiðsluúrgang þ.m.t. síuryk skal skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang eða koma í lögmeitan endurvinnsluferil. Varanleg geymsla hvers konar úrgangs á verksmiðjussvæðinu er óheimil.
- Grein 2.11 og 3.2 í tillögu að starfsleyfi Skráninga sbr. grein 3.2 er ábótavant. Ekki er haldið utan um skráningu á magni og gerð spilliefna (úrgangsolíur ofl) og eiginleika hráefna sbr. grein 2.1 og 2.2. (fínryk). Rekstraraðili skal einnig skrá allan úrgang sem fellur til við framleiðsluna (síuryk úr pokasíum)sbr. ákvæði reglugerðar um ská yfir spilliefni og annan úrgang.
- Grein 4.4 í tillögu að starfsleyfi Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar sjávar og andrúmslofts og hvenar tilkynna skuli um mengunaróhöpp, liggur ekki fyrir.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð við frágang lóðar þar sem að lóðin er ómalbikuð og engar girðingar sem loka verksmiðjulóðina af.

ANNAÐ

Starfsleyfisgerð var langt á veg komin þegar eftirlitið fór fram og hefur nú nýtt starfsleyfi verið gefið út (útgáfud. 12. nóvember sl.) sem gildir til 1. desember 2025

Reykjavík, 28.11.2013



Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.